

**Ed.**

**543. Nefndarálit**

**[37. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn skilum séráliti og viljum í því sambandi taka fram að við erum meðmæltir haldgóðum reglum um skil söluskatts, en teljum hér farið út á hæpna braut. Við teljum vafasamt að rýmri heimildir til að beita refsingum séu heppilegasta leiðin til að tryggja söluskattsskil. Ljóst er þó að mikil freisting er til undanskots þessa skatts þegar hann er orðinn jafnhár og raun ber vitni, og mun þess áreiðanlega talsvert gæta. Allstrangt eftirlit er því nauðsynlegt.

Hins vegar teljum við óeðlilegt að ráðherra fái nánast ótakmarkaðar heimildir til að setja reglugerð um skriffinnsku og íþyngjandi og kostnaðarsamar aðgerðir, eins og gert er ráð fyrir í 7. gr. frumvarpsins, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir. Raunar skortir allar upplýsingar um það, hvernig fyrirhugað er að beita þessu ákvæði, en sumar hugmyndir, sem uppi hafa verið um sérstakt bókhald og staðgreiðslusölulista, mæta andstöðu, og er slíkt síst líklegt til að bæta síðferðið í skattamálum. Gæti óskynsamleg framkvæmd vel leitt til þess, að undanskot ykjust. Miðað við skattheimtu og ofstjórnartilburði ríkisstjórnarinnar — og ekki síst fjármálaráðherra — þarf engan að undra að lagt sé til að frumvarpið, sem ætlar honum nánast alræðisvald um framkvæmd skattheimtu með lögum, sé fellt.

Alþingi, 29. mars 1982.

Ey. Kon. Jónsson,  
frsm.

Lárus Jónsson.